

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



Fréttabréf 5. tbl. 12. árg. maí 2018

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Lýðheilsa ungs fólks á Höfn

Í febrúar tóku nemendur í 8. – 10. bekk þátt í stórrí könnun sem lögð er fyrir nemendur á öllu landinu og heitir Lýðheilsa ungs fólks. Í þessari könnun er spurt út í lífnaðarhætti nemenda s.s. svefn, hreyfingu, neyslu áfengis og vímuefna, neyslu á koffíndrykkjum og orkudrykkjum, tölvunotkun, tölvuleikjaspil svo fátt eitt sé talið til. Niðurstöðurnar eru áhugaverðar og gagnlegar bæði fyrir skólann og foreldra og ýmislegt sem vert er að rýna betur í. Hér koma nokkrar niðurstöður sem snúa e.t.v. meira að foreldrum en skólanum og er gagnlegt fyrir foreldra að velta fyrir sér.

- Neysla áfengra drykkja hefur aukist hjá nemendum í 8. – 10. bekk frá sambærilegri könnun á síðasta ári, sjá bls. 24-25.
- Útivist, strákar hafa mun frjálssari útivistartíma hér en gengur og gerist á landinu á það við um alla árgangana en einnig stelpur í 8. bekk, sjá bls. 42.
- Fleiri nemendur langar að hætta í skóla samanborið við nemendur annars staðar á landinu, sjá bls. 46.
- Nemendur hér vinna meira með skóla en gengur og gerist annars staðar á landinu, sjá bls. 49.
- Stríðni á netinu er meiri hér en annars staðar á landinu, sjá bls. 66.

Á kynningarfundum í haust verður m.a. fjallað um niðurstöður könnunarinnar og leitað leiða þar sem heimili og skóli geta unnið saman með niðurstöðurnar. Á þessari slóð eru niðurstöðurnar í heild sinni.

http://gs.hornafjordur.is/media/annad/hornafjordur_2018_endurunnin-21.5.pdf..

Skólaslít Grunnskóla Hornafjarðar

Verða í íþróttahúsinu á Höfn
31. maí kl. 17:00



*Foreldrar hvattir til að mæta með börnum
sínum og eiga notalega stund.
Allir velkomnir*

**Verndum umhverfið – hugum að heilsunni –
notum eigin orku í allt sumar**

munum samt eftir hjálminum því hann getur gert
kraftaverk ef við lendum í óhappi 😊

